

BORGARRÁÐ 30. mars 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfshóp vegna stefnumótunar - MSS23030221

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að stofna þverpólitískan starfshóp sem skoðar hvernig Reykjavíkurborg getur mótað stefnur sem eru raunhæfar þannig að hægt sé að fylgja þeim betur eftir. Vel kann að vera að hugsa þurfi stefnur til styttri tíma þar sem sviptingar í samfélaginu eru það miklar. Engin stefna, góð eða slök, getur staðið tímans tönn í árafjölda í slíku róti sem ríkir í efnahagsmálum. Ekki er hægt að kenna fjármálastjórn Reykjavíkurborgar um allt það ófremdarástand sem nú ríkir þar sem verðbólgan er að einhverju leyti innflutt. Stór ábyrgð liggur þó hjá Reykjavíkurborg þar sem ekki tókst að skapa húsnæðismarkað í samræmi við þörf eins og búið var að lofa ítrekað.

Greinargerð:

Stefnur velferðarsviðs eru hin fínustu plögg. Þær gefa bara ekki rétta mynd af raunveruleikanum. Mikilvægt að þeim sé framfylgt og þær árangursmældar. Vandamálið með margar stefnur borgarinnar er að hvergi er hægt að sjá hvernig á að taka á vandamálum. Sem dæmi, ef horft er til velferðarstefnu þá er ekki orð um áætlanir um að útrýma biðlista barna, nú eða fátækt ef því er að skipta. Nýlega var Flokkur fólksins með umræðu um verkefnið Betri borg fyrir börn og hversu flókið það ferli hefur allt saman verið. Kvartað er yfir of miklu fundafargani og óskilvirkni. Börnin eru ekki að fá beina aðstoð. Verið er að styðja við kennara og starfsfólk sem er brýnt en foreldrar og börnin sjálf fá kannski ekki nægilega mikla hlustun. Stefnur borgarinnar, sumar hverjar í það minnsta „plata“ því þær endurspegla ekki samfélagið nógu skýrt og ávarpa ekki lausnir á vandamálum með nægjanlega skilvirkum hætti.